**Sþ.** **854. Tillaga til þingsályktunar**

um rafveitur til kauptúna í Árnessýslu.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kaupa svo fljótt sem unnt er efni í rafveitu frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka, Stokkseyrar og þeirra sveitabýla, er til greina geta komið að njóta raforku frá veitu þessari.

Jafnframt heimilast ríkisstjórninni að leggja veituna og verja fé úr ríkissjóði til efniskaupanna og lagningar veitunnar.